

Minnisblað: Húnvetningur

Dagsetning:	15. júní 2020
Sendandi:	Sameiningarnefnd Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
Efni:	Aðkoma Alþingis og ríkisstjórnar að sameiningu sveitarfélaga í Húnavatnssýslu
Viðtakandi:	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra. Þingmenn norðvesturkjördæmis.
Skjalið sömdu:	Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf ehf.

Verkefnið

Sveitarfélögin Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd hafa til skoðunar að hefja formlegar sameiningarviðræður. Verkefnið hefur hlotið nafnið „Húnvetningur“. Það er unnið í samræmi við stefnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu sveitarfélaga og þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Ákvörðun um hvort formlegar sameiningarviðræður fari fram verður tekin í september næstkomandi. Áður en sú ákvörðun verður tekin þurfa að liggja fyrir staðfestar reglur um framlög Jöfnunarsjóðs til sameiningarverkefna.

Í minnisblaði þessu er helstu hagsmunamálum Húnvetninga lýst og tengslum við aðrar stefnumótandi áætlanir Alþingis og ríkisstjórnar.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Húnvetninga er að stuðla að vistvænu samfélagi fyrir íbúa og atvinnulíf í samræmi við

Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, með sjálfbærni að leiðarljósi. Öflug atvinnuþróun og samgöngubætur eru forsenda þess að framtíðarsýnin nái fram að ganga og að íbúar samþykki tillögu um sameiningu sveitarfélaganna.


Samgöngur og innviðir

Tryggja samgöngur eru grunnur að því að vel takist til við sameiningu sveitarfélaganna og að íbúar sjái tækifæri í því að samþykkja tillögu um sameiningu. Ástand héraðs- og tengivega stendur uppbyggingu fyrir þrífum og skerðir lífsgæði íbúa. Nemendur á leið í skóla aka um vegina daglega. Stóraukið viðhald stofn- og tengivega og markviss uppbygging tengivega eru meðal forgangsverkefna í stefnumótun SSVN í samgöngumálum. Í samgönguáætlun og aðgerðaáætlun vegna heimsfaraldurs er samtals um 3 milljarðar kr. áætlaðir í héraðs og tengivegi á árinu 2020 og um 7,77 milljörðum á tímabilinu 2020-2024.

Forgangsverkefni Húnvetninga eru að byggja upp og leggja slitlag á eftirfarandi vegi:

- Skagavegur um Skaga um 12 km.
- Þingeyrarvegur um 6 km.
- Svínvetningabraut um 27 km.

Miðað við 20 m.kr. meðalkostnað á kílómetra við að byggja upp og leggja bundið slitlag er áætlaður kostnaður um 1.000 m.kr. sem eru um 13% af áætluðu fé til héraðs- og tengivega 2020-2024.



- Húnvetningar vilja skýra forgangsröðun um uppbyggingu héraðs- og tengivega í sýslunni á árunum 2021-2025.

Nýbygging Skagastrandarvegar nr. 74 frá Þjóðvegi 1 að Laxá

Framkvæmdin skorar hátt hvað varðar öryggi, greiðfærni og byggðapróun í samgönguáætlun. Nauðsynlegt er að hraða framkvæmdum við veginn.

Verkefnið er á fyrsta tímabili samgönguáætlunar. Vegalengd er 16,3 km og er áætlaður kostnaður um **1.500 m.kr.** á árunum 2022-2024.

Verkhönnun hefur verið boðin út og átti að vera lokið fyrir 15. maí 2020.

- Húnvetningar vilja að framkvæmdir hefjist árið 2021 og verði lokið 2022.

Kjalvegur

Húnvetningar styðja Þingsályktunartillögu um endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd, sbr. þingskjal 681-473. mál á 148. löggjafarþingi.

Atvinnulíf, byggðapróun og opinber þjónusta

Framtíðarsýn Húnvetninga er að áfram verði byggt á styrkum stoðum atvinnulífs á svæðinu, þ.e. landbúnaði, þjónustu, sjávarútvegi, ferðaþjónustu, sbr. m.a. liði **C.1. og C.2. í Stefnumótandi byggðaaáætlun.** Svæðið hefur átt undir högg að sækja undanfarna áratugi og brýnt er að setja mikinn kraft í atvinnuþróun og byggðaaðgerðir. Aðgerðir og ívilnanir sem snúa að byggðakvóta, línuívilnun og strandveiðum myndu styrkja atvinnulífið hratt og örugglega.

Á svæðinu eru margar náttúruperlur, sögufrægir staðir, söfn og sýningar sem gætu með rétttri markaðssetningu og uppbyggingu á aðstöðu laðað að sér fleiri ferðamenn. Vegurinn um Skaga er markaðssettur sem hluti af Norðurstrandarleið (e. Arctic Coast Way) sem valinn var einn af tíu áhugaverðustu áfangastöðunum af Lonely Planet árið 2019 og Hveravellir eru taldir meðal helstu segla í ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Í sýslunni er öll nauðsynleg þjónusta fyrir ferðamenn og mikil sóknartækifæri í uppbyggingu áfangastaða og þjónustu. Forsendur uppbyggingar í ferðaþjónustu er því almennt góðar. Mikilvægt er stjórnvöld styðji við uppbyggingu ferðamannastaða og jafni aðgengi fyrirtækja að fjármögnun til uppbyggingar. Tækifæri liggja enn frekar í tengingu ferðaþjónustu við grunnatvinnuvegi svæðisins, s.s. með því að skapa sérstöðu í sölu landbúnaðarafurða til ferðamanna beint frá býli og ferðamennsku tengdri sjóstangveiði.

Samþykki íbúar sameiningu sveitarfélaganna er stefnt að því að sameina starfsemi Húnavallaskóla og Blönduskóla og ná þannig fram rekstrarhagræði fyrir nýtt sveitarfélag og stuðla að aukinni nýsköpun í námi. Áður en það gerist er afar mikilvægt að finna nýtt hlutverk fyrir mannvirki á Húnavöllum og skapa ný atvinnutækifæri.

Markmið Húnvetninga er stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi, sbr. lið **B.9. og B.14. í Stefnumótandi byggðaaáætlun** og opinberum störfum fjölgi, sbr. lið **B.7. í Stefnumótandi byggðaaáætlun.**

Brýnt er að umbætur verði í þjónustu ríkisins í Austur-Húnavatnssýslu í samræmi við markmið Stefnumótandi byggðaaáætlunar. Í því felst m.a.:

- Að núverandi heilbrigðisþjónusta verði eflað og ofan á hana byggð fjarlæknisþjónusta, í samræmi við 5. mgr. **C-kafli í Stefnumótandi byggðaaáætlun.**
- Að tryggt verði að Blönduósflugvöllur geti þjónað sjúkraflogi með viðunandi hætti
- Að starfsemi innheimtuþjónustu sýslumanns á Blönduósi og Vinnuálastofnunar á Skagaströnd verði eflað og verkefnum fjölgað. Til dæmis með innheimtu námslána.
- Að uppbygging rannsóknar- og þróunarstarfs, m.a. á sviðum sjávarútvegs og landbúnaðar, verði eflað og fjölbreytni aukin, sbr. m.a. liður **A.16 í Stefnumótandi byggðaaáætlun.**

Styrking innviða til raforkuflutninga

Tryggja þarf að sú mikla raforka sem framleidd er á svæðinu nýtist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Aðgengi að raforku er takmarkað af burðargetu flutningskerfisins. Mikilvægt er að létt verði á flutningskerfinu innan svæðisins með nýrri flutningsleið frá Blönduvirkjun í Hrútatungu þannig að burðargeta byggðalínunnar nýtist til að flytja raforku til notenda á svæðinu. Þá er mikilvægt að Ísland ljóstengt nái til þéttbýlis á landsbyggðinni.

Stofnframkvæmdir við hafnir og sjóvarnir

Endurbygging Ásgarðs á Skagaströnd er á samgönguáætlun, ásamt tilteknum viðhaldsframkvæmdum vegna veðurofsans í vetur og uppbygging sjóvarna. Áætlaður kostnaður er um 385 m.kr. og er farið fram á að fjármögnun verði tryggð á tímabilinu 2020-2022. Mótframlag sveitarfélaganna er tryggt.

Samandregið

Sveitarstjórnarfolk í Austur-Húnavatnssýslu hefur tekið frumkvæði í að fylgja stefnu stjórnvalda með því að kanna forsendur fyrir sameiningu sveitarfélaganna fjögurra.

Eins og sjá má af umfjöllun í minnisblaði þessu eru óskir um aðgerðir Alþingis og ríkisstjórnar í samræmi við þegar samþykka stefnu stjórnvalda.

Væntingar Húnavetninga er að ríkið og Alþingi fylgi eigin stefnumörkun á sama hátt og sveitarfélögin, með því að forgangsraða fjármunum til að styðja myndarlega við verkefnið. Á þann hátt verður auðveldara að vinna tillögum um sameiningu sveitarfélaganna fylgis meðal íbúa.

Nánari upplýsingar veita

- Jón Gíslason, formaður sameiningarnefndar
 - Sími 8683750
 - Netfang: jon@hunavatnshreppur.is
- Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri
 - Sími 6495535
 - Netfang: robert@rrradgjof.is

Vefsíða verkefnisins

<https://sameining.huni.is/>